

Ágætu nemendur (see English below).

Nú líður að lokum kennslu og lokaprófin hefjast 4. maí nk. Lokaprófin verða með óhefðbundnum hætti þar sem þið þreytið prófin utan skólans. Í því samhengi vil ég minna á akademísk heilindi sem gilda í Menntaskólanum við Hamrahlíð og eru hluti af skólareglum/prófareglum. Nemendur eiga að vera meðvitaðir um hvað eru akademísk heilindi og hvaða reglur gilda um nám og próf í skólanum. Akademísk heilindi fela m.a. í sér heiðarleika, réttlæti, traust, virðingu og ábyrgð. Sjá nánar inn á <https://www.mh.is/is/namid/skolareglur/akademisk-heilindi> og <https://www.mh.is/is/namid/prof/profreglur>

Áður en þið takið próf birtist neðangreindur texti sem þið samþykkið og verðið að fylgja:

„Með því að taka þetta próf samþykkir próftaki eftirfarandi yfirlýsingu: Ég staðfesti að ég er innskráð/ur á minn eigin Innu reikning og lýsi því yfir að ég mun ekki leita utanaðkomandi aðstoðar frá neinum til að svara prófverkefninu. Ég mun ekki afrita texta til að nýta sem mín eigin svör eða afrita nokkurn hluta prófsins með neinum hætti.“

Ég vil ítreka að við höfum heiðarleg vinnubrögð og samvirkusemi að leiðarljósi í okkar verkum. Slík vinnubrögð eru ávísun á góðan árangur og því vil ég óska ykkur góðs gengis í lokaprófunum.

Með von um góð viðbrögð.

Kær kveðja,

Steinn

---

Dear students.

Final exams will start next Monday, May 4th. The finals will be nontraditional as you will take the exams at home. We would therefore like to remind you of the Academic Integrity rules at MH. All students should be aware of the rules and what applies to final

exams, projects and your study. See further information at <https://www.mh.is/is/ib-studies/policies-rules/academic-integrity-policy>

Before you take each final exam you will have to sign off on the following statement:

„By taking this exam I affirm the following: I am now registered in on my own INNA account. I will not not give or receive any unauthorized help during this exam, and that the work I submit will be my own. I will only use authorized material provided by the teacher and I will not copy the examination material.“

I want to remind all students to be honest and conscientious in their work because it will lead to a good results.“

I wish you all the best in your finals.

Best regards,

Steinn